

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1105 Arnarlax hf. - Arnarfjörður	Strandgötu 1 465 Bíldudalur	Rolf Ørjan Nordli Yfirmaður sjódeildar Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri Nikolas Tzamouranis Biological controller Valdimar Bernóðus Ottósson Svæðisstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Annað	20.4.2020	27.4.2020	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 6 skoðunaratríða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunaratríðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

31.5.2020

Alvarleg frávik	Frávik
	3.1.3 Eldisbúnaður
	5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva
	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Aðrar athugasemdir

Tilfni: Matvælastofnun barst tilkynning frá Arnarlaxi að kvöldi 2.4.2020 um að meters löng rifa á 1,5 m dýpi hefði uppgötvast á kví 6 í Hringsdal.

Fundað var með starfsmönnum Arnarlax á fjarfundi og farið yfir atvikalýsingu og viðbrögð fyrirtækisins. Einungis var um rafrænt eftirlit að ræða þar sem ekki var hægt að fara á staðinn vegna óviðráðanlegra aðstæðna í samfélaginu.

Atvikalýsing: 2. apríl 2020 uppgötvast u.þ.b. meters löng rifa á 1,5 m dýpi á kví 6 í Hringsdal. Gatið uppgötvast þegar verið var að vinna við slátrun, botnhringnum lyft upp og slakinn tekinn af netinu. Skv. gögnum frá Arnarlax voru 85.893 laxar (meðalþyngd 7168 g) í kvínni þann 2. apríl sl. Ekki var gert við rifuna þar sem búið var að lyfta netinu upp við slátrun og var gatið því utan við kvínnu. Slátrun upp úr kvínni lauk þann 15. apríl og skv. sláturtölum var 74.987 lóxum slátrað, eða 578.398 kg.

Viðbragðsáætlun var fylgt, Fiskistofu, Matvælastofnun, sveitarfélagi og veiðifélögum voru upplýst og net sett út í samráði við Fiskistofu. Ekkert veiddist í net og þremur dögum seinna voru þau fjarlægð. Þann 7. apríl fór fram neðansjávareftirlit með fjarstýrðum kafbát og 14. apríl fór fram neðansjávareftirlit með kafara á vegum Sjóttækni. Engar athugasemdir komu fram í köfunarskýrslunum tveimur.

Ábyrgðarmenn Arnarlax telja ástæðu rifunnar vera tvíþætta. Í fyrsta lagi var mjög slæmt veður 2 dögum áður en rifan uppgötvast og í öðru lagi vantaði gula hlíf á króka sem notaðir eru til að hengja upp nótarpoka. Líklegt er að veður hafi valdið tilfærslu á netinu með þeim afleiðingum að krókurinn reif gat á nótarpokann. Almennu eru gular hlífur á öllum slíkum krókum til að koma í veg fyrir slík óhöpp en einhverra hluta vegna voru ekki hlífur á krókunum á þessum tíma.

Niðurstaða: Fyrirtækið fylgdi viðbragðsáætlun sinni vegna slyasleppinga og brást við á viðeigandi hátt skv. reglugerð. Fyrirtækið uppfyllti tilkynningaskyldu sína með því að upplýsa Matvælastofnun, Fiskistofu, sveitarfélag og nærliggjandi veiðifélög um atvikið.

Skv. gögnum frá Arnarlax má sjá að það munar 10.906 löxum á áætluðum fjölda fiska í kví 2. apríl og á fjölda fiska sem slátrað var upp úr kvínni. Ekki er ljóst hvort þessi skekkja sé tilkomin vegna slysasleppingar eða vegna mögulegrar skekkju í talningu. Mikil afföll hafa verið á þessari kynslóð í þessari kví veturinn 2020 og vetur 2019 sem gæti skekkt töluna enn frekar.

Mjög óheppilegt er að gular hlífar hafi vantað á króka á þeim tíma sem gat uppgötvast en Matvælastofnun telur nauðsynlegt að Arnarlax grípi til úrbóta með breyttu verklagi sem tryggji að slík atvik komi ekki fyrir aftur. Sérstaklega þarf að tryggja að allur búnaður sé eins öruggur og mögulegt er áður en vond veður skella á eins og oft hefur verið veturinn 2020.

Matvælastofnun krefst þess að stofnunin verði upplýst ef rekstraraðili verður var við atriði sem mögulega geta bent til þess að fiskur hafi strokið.

Ekki var tekin afstaða til athugasemdar við skoðunaratriði 5.1.6 sem fram kom í síðustu reglubundnu skoðun. Farið verður nánar yfir athugasemdir úr síðustu skoðun í næsta reglubundna eftirliti.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Arnarlax hf. - Arnarfjörður
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Arnarlax ehf.	004795820104	ron@arnarlax.is	Rolf (Yfirmaður sjódeildar)

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjúkvíaeldi

3.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 22.04.2020

Frávik

Gular hlífar voru ekki til staðar á krókum sem notaðir eru til að hengja upp nótarþoka þegar gat uppgötvast á kví 6 í Hringsdal. Mögulega hefði verið hægt að koma í veg fyrir skemmd á nótarþoka ef fullnægjandi varnir hefðu verið til staðar.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

5.1.4 Innra eftirlit sjúkvíaeldisstöðva

Sett inn: 22.04.2020

Frávik

Nánari upplýsingar þurfa að koma fram í köfunarskýrslum til að sýna fram á hvað fólst í eftirlitinu og hvað var skoðað.

Skoðuð var köfunarskýrsla dagsett 14. apríl 2020 þar sem litlar sem engar upplýsingar komu fram.

5.1.6 Gæðahandbók sjúkvíaeldisstöðva

Sett inn: 11.11.2019

Frávik

1. Árlegur fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar er ekki haldinn.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skal árlega halda fund með starfsmönnum þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þáttöku starfsmanna skal skrá í þjálfunarskrá.

2. Kominn tími til að uppfæra eldissvæði og staðsetningar í gæðahandbók en þar eru mörg eldissvæði tilgreind sem eru ekki leyfileg eldissvæði skv. rekstrarleyfi.

Skv. viðauka III í reglugerð nr. 1170/2015 skulu heiti starfsstöðva og hnit koma fram í gæðahandbók. Einnig skal vera til staðar kort sem sýnir staðsetningu sjúkvíaeldisstöðva.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og lagfærð frá síðustu skoðun

2.1.1 Rekstrarleyfi

3.1.7 Framkvæmd flutnings

5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjúkvíaeldisstöðva

Rúnar Ingi Tryggvason
runar.tryggvason@mast.is
sérfraeðingur
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.